

Mánudagurinn 25. nóvember 1996 kl. 11:30

83. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 39/1996

**Kvörtun Alþjóðlegrar miðlunar ehf. yfir bréfi
Sjóvár-Almennra trygginga hf. til viðskiptavina**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 2. október 1996, þar sem Alþjóðleg miðlun ehf. gerir athugasemdir við ranga og villandi framsetningu samanburðar á iðgjöldum bifreiðatrygginga sem fram koma í dreifibréfi Sjóvár-Almennra trygginga hf. Í erindinu segir:

„Í dreifibréfinu er félagsgjaldi Félags ísl. bifreiðaeigenda bætt við vátryggingaverð (sic) og samanburður síðan gerður við iðgjöld Sjóvár-Almennra hf. Aðild að Félagi ísl. bifreiðaeigenda veitir félagsmönnum víðtæk fríðindi, m.a. aðgang að ókeypis lögfræði- og tækniráðgjöf, afslátt hjá yfir 100 fyrirtækjum sem tengjast bílgreininni, áskrift að Ökuþór og margs konar önnur fríðindi. Það er því með öllu óraunhæft að bera saman verð á vátryggingum til félagsmanna FÍB að viðbættu félagsgjaldi þeirra við verð á vátryggingum Sjóvár-Almennra hf. Tilgangur Sjóvár-Almennra hf. virðist vera að villa um fyrir neytendum og dylja þá þeirri staðreynd að vátryggingar þeirra eru umtalsvert dýrari en þær vátryggingar, sem bjóðast félagsmönnum FÍB.“

Erindinu fylgdi afrit af bréfi því frá Sjóvá-Almennum sem Alþjóðleg miðlun kvartar yfir. Bréfið var sent á nafn viðskiptavina Sjóvár-Almennra og því fylgdi samanburður á iðgjöldum bifreiðatrygginga undir fyrirsögninni „*Lægri eða svipuð iðgjöld hjá Sjóvá-Almennum*“. Iðgjald FÍB trygginga að viðbættu félagsgjaldi FÍB er þar birt sem ein upphæð en neðanmáls segir m.a.:

„Í ofangreindum verðsamanburði er það verð og forsendur sem FÍB hefur kynnt í verðdæmum lagt til grundvallar. Þar sem FÍB trygging er einungis fyrir félagsmenn FÍB er árgjald þess krónur 3.300 lagt við verðskrá FÍB.“

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Alþjóðlegrar miðlunar var sent Sjóvá-Almennum til umsagnar og í svari lögmanns félagsins, dags. 9. október 1996, segir m.a.:

„Í bréfi Alþjóðlegrar miðlunar ehf. kemur ekki fram, gegn hvaða lagaákvæðum félagið telur að Sjóvá-Almennar hafi brotið. Svo virðist þó sem átt sé við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og er hér við það miðað.“

Bréfaskrif Sjóvár-Almennra til þeirra viðskiptamanna sem tryggja bifreiðar sínar hjá félaginu voru hvorki ætluð til þess að villa um fyrir neytendum né dylja staðreyndir. Þvert á móti var tilgangur bréfaskrifanna sá, að tilkynna þessum viðskiptamönnum félagsins um nýjan bónusflokk og tiltekna breytingar á gjaldtöku félagsins vegna bifreiðatrygginga. Bréfinu fylgdu nokkur dæmi um samanburð á kostnaði við lögbundna ábyrgðartryggingu einkabifreiða annars vegar hjá Sjóvá-Almennum og hins vegar hjá FÍB tryggingu. Forsendur verðsamanburðarins eru þar skýrt teknar fram. Þar er alls ekki verið að dylja neitt. Sérstaklega er tekið fram, að árgjald fyrir félagsaðild að FÍB, kr. 3.300,- sé lagt við verðskrá FÍB tryggingar, þar sem aðild að félaginu sé forsenda þess að fá þar keypta bifreiðatryggingu. Er þetta í fullu samræmi við ákvæði samkeppnislaga og góða viðskiptahætti. Eðlilegt er við verðsamanburð að miða við raunverulegan kostnað neytenda við kaup á váttryggingu hjá félögunum tveim. Slíkt getur ekki á neinn hátt talist villandi eða rangt. Bent skal á, að þessi framsetning er í fullu samræmi við reglur nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum, sem settar eru með heimild í 30. gr. samkeppnislaga. Það er miklu frekar samanburðurinn á iðgjöldum bifreiðatrygginga í auglýsingum FÍB tryggingar sem felur í sér villandi upplýsingar um verð, þar sem þar er ekki getið um að greiðsla árgjalds FÍB sé forsenda fyrir kaupum á bifreiðatryggingum félagsins. Samkvæmt 1. gr. reglna nr. 21/1995 skal uppgæfið verð í auglýsingum til neytenda vera endanlegt verð til kaupanda.“

Í lok svars lögmannsins segir síðan:

„Þá skal loks vakin athygli á því að framangreint bréf Sjóvár-Almennra, dags. 26. september sl., er ekki dreifibréf heldur er um að ræða bréf, sem stílað er á nafn tiltekinna viðskiptamanna félagsins beint. Draga má í efa réttmæti þess að þriðji aðili fái efni slíkra einkabréfa ritskoðað.“

2.

Alþjóðleg miðlun taldi ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við svar lögmanns Sjóvár-Almennra.

3.

Með hliðsjón af áliti ráðgjafarnefndar Samkeppnisráðs, auglýsinganefndar, í máli þar sem áþekkri aðferð var beitt við samanburð á iðgjöldum bifreiðatrygginga beindi Samkeppnisstofnun tilmælum til Sjóvár-Almennra þann 21. október 1996. Í tilmælunum var vísað til 21. gr. samkeppnislaga og taldi stofnunin óeðlilegt að félagsgjald FÍB væri lagt við iðgjald bifreiðatrygginga FÍB trygginga með þeim hætti sem gert var í umræddu bréfi. Tekið var fram að stofnunin gerði ekki athugasemd við að athygli væri vakin á félagsgjaldinu með öðrum hætti. Sjóvá-Almennum var gefinn tíu daga frestur til að gera athugasemdir við tilmælin.

4.

Athugasemdir lögmanns Sjóvár-Almennra bárust í bréfi, dags. 31. október 1996, þar sem segir m.a.:

„Í fyrsta lagi telja Sjóvá-Almennar að í framangreindum tilmælum Samkeppnisstofnunar til félagsins felist óheimil íhlutun í innri málefni félagsins og tjáningarfrelsi þess gagnvart viðskiptavinum sínum. Draga verður í efa heimild stofnunarinnar til þess að ritskoða efni einkabréfa sem stíluð eru á nafn tiltekinna viðskiptamanna félagsins. Í þessu tilviki er seilst alllangt í þá átt að takmarka tjáningarfrelsi sem nýtur verndar stjórnarskrárinnar. Stjórnarskrárákvæðið um tjáningarfrelsi felur í sér skyldu til þess að túlka allar lögbundnar takmarkanir á tjáningarfrelsinu mjög þröngt. Vega þarf og meta þá hagsmuni sem að baki slíkum takmörkunum liggja. Í máli þessu er augljóst að skilyrði fyrir slíkri takmörkun eru ekki uppfyllt.“

Í öðru lagi skal á það bent, að lagastoð skortir fyrir þeim tilmælum, sem koma fram í nefndu bréfi Samkeppnisstofnunar. Svo sem bent var á í fyrra bréfi undirritaðrar... voru bréfaskrif Sjóvár-Almennra til þeirra viðskiptamanna sem tryggja bifreiðar sínar hjá félaginu hvorki ætluð til þess að villa um fyrir neytendum né dylja staðreyndir. Í bréfinu eru forsendur verðsamanburðarins skýrt teknar fram. Þar er alls ekki verið að dylja neitt. Ef eitthvað er, þá voru í bréfinu vantaldir þeir afslættir og endurgreiðsla sem viðskiptamenn félagsins geta notið, séu þeir aðilar að hinni samsettu vátryggingavernd félagsins, Stofni.“

Lögmaðurinn ítrekar fyrri rök og vísar síðan til 21. gr. samkeppnislaga og segir:

„Ekkert af þessum atriðum á við um bréfaskrif Sjóvár-Almennra. Því skortir lagastoð til þess að beina þeim tilmælum til félagsins að haga ekki bréfaskrifum sínum til viðskiptamanna sinna svo sem hér að ofan greinir.“

Til stuðnings sjónarmiðum Sjóvár-Almennra vísar lögmaðurinn til tveggja ákvarðana Samkeppnisráðs, nr. 10 og 11 frá 1995, en þar voru auglýsingar ferðaskrifstofa taldar brot á 21. gr. samkeppnislaga, reglum um verðupplýsingar í auglýsingum og 3. gr. alferðalaga. Í umræddum auglýsingum voru flugvallaskattar ekki innifaldir í auglýstu verði og auglýsingarnar bannaðar með heimild í 51. gr. samkeppnislaga þar sem tilgreint verð var ekki endanlegt. Lögmaðurinn telur að hið sama hljóti að eiga við um kaup á bifreiðatryggingu hjá FÍB tryggingu þar sem fyrst þurfi að greiða fyrir aðild að FÍB. Hvaða fríðindi fylgi aðild skipti ekki máli. Að lokum segir í svari lögmannsins:

„Þá er það allsendis óviðunandi og samræmist ekki reglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, að tilmæli Samkeppnisstofnunar til Sjóvár-Almennra eru sett fram án nokkurs rökstuðnings. Gera verður ríkar kröfur til rökstuðnings fyrir slíkum tilmælum sem eru íþyngjandi í eðli sínu. Í bréfi Samkeppnisstofnunar segir einungis að stofnunin telji að óeðlilegt sé að leggja félagsgjald FÍB við iðgjald Alþjóðlegrar miðlunar/IBEX með þeim hætti sem gert er í bréfinu og bera það saman við iðgjald Sjóvár-Almennra, án þess að nánar sé útskýrt hvað sé óeðlilegt við það. Þá gerir Samkeppnisstofnun ekki athugasemd við að vakin sé athygli á félagsgjaldinu með öðrum hætti. Samkeppnisstofnun beinir því síðan til Sjóvár-Almennra að taka mið af þessu. Þessi tilmæli eru ekki einvörðungu

órökstudd heldur einnig afar óljóst orðuð. Samkeppnisstofnun hefur ekki virt þá óskráðu grundvallarreglu í stjórnslurétti, að stjórnvaldsákvörðun verði efnislega að vera bæði ákveðin og skýr svo að málsaðili geti skilið hana og metið réttarstöðu sína.“

Loks óskar lögmaðurinn þess að Samkeppnisstofnun endurskoði tilmæli sín og taki rökstudda afstöðu til athugasemda hans.

5.

Alþjóðleg miðlun taldi ekki ástæðu til að tjá sig frekar um málið en ítrekaði fyrri rök.

6.

Þar sem ráða mátti af bréfi lögmanns Sjóvá-Almennra að ekki yrði farið að tilmælum Samkeppnisstofnunar var lögmanninum gefið tækifæri til að tjá sig frekar um málið áður en það yrði lagt fyrir Samkeppnisráð. Í bréfi lögmannsins virtist þess misskilnings og gæta að í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 21. október 1996 hefði falist bindandi stjórnvaldsákvörðun og var honum því jafnframt bent á að þar hefði einungis verið um tilmæli að ræða sem sett hefðu verið fram með hliðsjón af álitum auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar Samkeppnisráðs. Þetta hafi glögglega mátt sjá af orðalagi bréfsins sem og því að Sjóvá-Almennum hafi verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við tilmælin.

7.

Frekari athugasemdir lögmanns Sjóvá-Almennra bárust með bréfi, dags. 6. nóvember 1996. Þar segir að hvergi komi fram í bréfi lögmannsins frá 31. október sl. að Sjóvá-Almennar hyggist ekki virða fyrirmæli stofnunarinnar. Tilmælin standist hins vegar hvorki form- né efniskröfur sem gera verði til slíkrar íþyngjandi íhlutunar í málefni félagsins og tjáningarfrelsi þess gagnvart viðskiptavinum sínum. Jafnframt ítrekar lögmaðurinn að þess sé farið á leit við Samkeppnisstofnun að tilmælin verði endurskoðuð og rök færð fyrir þeim.

Starfsmaður Samkeppnisstofnunar hafði samband við lögmann Sjóvá-Almennra og í samtalinu kom fram að tilmæli stofnunarinnar yrðu virt uns niðurstaða Samkeppnisráðs lægi fyrir.

III. Niðurstöður

1.

Í framhaldi af athugasemdum lögmanns Sjóvár-Almennra við heimildir Samkeppnisstofnunar til að beina tilmælum til félagsins er rétt að byrja á því að rekja málsmeðferð Samkeppnisstofnunar í málum sem varða auglýsingar og aðrar slíkar viðskiptaaðferðir sbr. VI. kafla samkeppnislaga.

Þegar Samkeppnisstofnun berst erindi sem varðar auglýsingar eða aðrar slíkar viðskiptaaðferðir er erindið sent þeim sem það beinist að eða öðrum þeim sem hagsmuna eiga að gæta. Skýrt er frá erindinu auk þess sem viðkomandi er gefinn kostur á að gera við það athugasemdir og koma með skýringar. Málsaðilum er skýrt frá öllum nýjum gögnum sem fram koma í málinu. Þar sem svonefnd auglýsingamál eru oft þess eðlis að nauðsynlegt er að leysa þau með skjótum hætti er veittur skammur frestur til að leggja fram gögn. Að lokinni gagnaöflun er málið svo afgreitt frá Samkeppnisstofnun, oft í formi tilmæla. Á þetta einkum við ef fordæmi er fyrir sambærilegri afgreiðslu. Þeim sem tilmælunum er beint til er ávallt gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri innan tiltekins tíma. Tilmælin eru því ekki endanleg afgreiðsla nema málsaðili kjósi að fara að þeim. Þetta er gert á grundvelli þeirrar heimildar í 14. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 672/1994 að ljúka megi málum með sátt á öllum stigum þess. Ef ekki er fordæmi fyrir afgreiðslu sambærilegs máls fara auglýsingamál fyrir ráðgjafarnefnd Samkeppnisráðs, auglýsinganefnd. Auglýsinganefndin fjallar um auglýsingar og gætir þess að þær brjóti ekki í bága við ákvæði 21. og 22. gr. samkeppnislaga sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Eins og fyrr greinir eru auglýsingamál oft þess eðlis að þau kalla á skjóta meðferð og álit auglýsinganefndar er því sent málsaðilum með bréfi Samkeppnisstofnunar um leið og það liggur fyrir. Sem fyrr er málsaðilum gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri. Málum sem ekki næst samkomulag um og öllum stærri málum, s.s. málum þar sem ágreiningur er t.d. um gildissvið samkeppnislaga og málum sem eru stefnumarkandi eða hafa víðtæk áhrif, er vísað til Samkeppnisráðs. Samkeppnisráð tekur síðan ákvörðun sem unnt er að skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Í máli því sem hér um ræðir sendi Samkeppnisstofnun, að lokinni gagnaöflun og með hliðsjón af álitum auglýsinganefndar í áþekku máli, tilmæli til Sjóvár-Almennra. Þar var með vísan til 21. gr. samkeppnislaga talið óeðlilegt að

félagsgjaldi FÍB væri bætt við iðgjald FÍB trygginga og mælt til þess að félagið tæki framvegis tillit til þessa. Jafnframt var gefinn tíu daga frestur til að koma athugasemdum á framfæri. Umrædd tilmæli Samkeppnisstofnunar eru því ekki bindandi stjórnvaldsákvörðun og á tilvísun lögmanns Sjóvár-Almennra í ákvæði stjórnvísulaga ekki við í þessu sambandi, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnvísulaga. Hér var einungis um tilmæli að ræða, sáttaboð, sem Sjóvár-Almennum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við. Engu að síður er rétt að benda á að meginreglan samkvæmt stjórnvísulögum er að rökstyðja skuli ákvarðanir eftir á, sbr. 21. gr. laganna.

Athugasemdir voru gerðar og þar sem af þeim mátti ráða að samkomulag hafi ekki náðst er næsta stig að taka málið til formlegrar afgreiðslu hjá Samkeppnisráði.

2.

Í máli lögmanns Sjóvár-Almennra kemur fram að bréfið með upplýsingunum sem hér er deilt um sé einkabréf stílað á nafn viðskiptavina félagsins og því sé íhlutun Samkeppnisstofnunar í „*innri málefni félagsins og tjáningarfrelsi þess*“ óheimil. Í þessu sambandi er rétt að líta til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 þar sem segir m.a.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir m.a. um þessa grein:

„Ekki skiptir hér máli í hvaða formi „upplýsingar“ eru. Þær geta verið skriflegar eða munnlegar, upplýsingar í auglýsingum, myndum, kvikmyndum, útvarpi eða sjónvarpi. Hugtakið upplýsingar er þannig notað í víðtækri merkingu í þessu ákvæði og á að taka til margvíslegs tjáningarháttar. Hér er þó sérstaklega getið um auglýsingar sem er langalgengasta formið og því rétt að leggja áherslu á það.“

Með því að orða „aðrar viðskiptaaðferðir“ er tilgangurinn að ná til ýmiss konar yfirlýsinga og fullyrðinga sem ekki geta fallið undir upplýsingagjöf.

Upplýsingarnar og aðrar viðskiptaaðferðir verða samkvæmt ákvæðinu að vera fallnar til þess að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, þjónustu o.s.frv. en þær þurfa ekki að hafa haft nein áhrif.“

Bréf Sjóvár-Almennra er stílað á nafn viðskiptavina félagsins en í því eru upplýsingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn þeirrar þjónustu sem félagið býður í atvinnustarfsemi sinni. Eins og segir í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga tekur 21. gr. laganna til upplýsinga í víðtækri merkingu og er henni ætlað að taka til margvíslegs tjáningarháttar. Einnig er tekið fram að ekki skipti máli í hvaða formi upplýsingarnar eru. Jafnframt er ljóst að ritun og sending nefnds bréfs er liður í atvinnurekstri Sjóvár-Almennra og fellur því undir gildisvið samkeppnislaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Samkeppnisráð telur því engan vafa leika á því að bréf Sjóvár-Almennra falli undir gildissvið 21. gr. samkeppnislaga.

3.

Kvörtun Alþjóðlegrar miðlunar yfir bréfi Sjóvár-Almennra, sem um er fjallað í máli þessu, snýr að því að við samanburð á iðgjöldum bifreiðatrygginga sé villandi að félagsgjaldi FÍB sé bætt við iðgjald FÍB trygginga.

Í auglýsingu um FÍB tryggingar, sem birtist í Morgunblaðinu þann 19. september 1996, kemur fram að FÍB trygging sé heiti trygginga sem standi félögum FÍB til boða. Tryggingaskírteinið sé gefið út af Ibex Motor Policies á Lloyd's tryggingamarkaðnum í Lundúnum en Alþjóðleg miðlun hafi umsjón með tryggingastarfseminni. Jafnframt kemur fram að engin fjárhagsleg tengsl séu á milli FÍB og þeirrar tryggingastarfsemi sem standi félögum FÍB til boða. Eins og fyrr segir eru tryggingarnar aðeins í boði fyrir félagi FÍB, hvort sem þeir eru þegar félagsmenn eða gerast félagar við kaup á tryggingu. Í gögnum málsins hefur komið fram að félagsgjald FÍB sé kr. 3.300 og að það veiti félagsmönnum ýmis fríðindi, s.s. ýmiss konar afslætti og fría lögfræði- og tækniráðgjöf.

Til að meta hvort það sé villandi í skilningi samkeppnislaga nr. 8/1993 að bæta félagsgjaldi FÍB við iðgjald FÍB trygginga við samanburð á iðgjöldum bifreiðatrygginga skal aftur litið til 21. gr. laganna. Þar segir að óheimilt sé að

veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti og í 2. mgr. segir síðan:

„Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Eins og fyrr segir er í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga um 21. gr. tekið fram að upplýsingarnar og viðskiptaaðferðirnar verði að vera til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn og síðan segir m.a.:

„Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar gildir 1. mgr. þegar upplýsingar eða aðrar viðskiptaaðferðir eru óhæfilegar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Gagnstætt 1. mgr. geta upplýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir brotið í bága við reglur þessarar málsgreinar enda þótt þær séu efnislega réttar og sannar.“

Ótilhlýðilegt form getur t.d. komið fram í samanburði við vörur frá öðrum. “

Til að 21. gr. eigi við verða upplýsingar þær sem um ræðir að vera til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn þeirrar þjónustu sem í boði er. Þær þurfa hins vegar ekki að hafa haft nein áhrif. Eins og fyrr greinir er bréf Sjóvár-Almennra sett fram til að hafa áhrif á eftirspurn eftir tryggingum félagsins þar sem fram á markaðinn hefur komið keppinautur sem býður lægri iðgjöld bifreiðatrygginga en áður hafa verið í boði.

Þá verður samkvæmt 21. gr. samkeppnislaga að gæta þess að auglýsingar séu ekki ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum m.a vegna þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála. Í bréfinu sem hér er deilt um er við samanburð á iðgjöldum bifreiðatrygginga félagsgjaldi bætt við iðgjald keppinautarins og þess einungis getið neðanmáls hvað liggur til grundvallar. Álitamálið er því hvort að með því að bæta félagsgjaldi við iðgjald sé verið að skírskota til óviðkomandi atriðis.

Ljóst er að til að njóta iðgjalda FÍB trygginga verður tryggingataki að vera félagsmaður í FÍB og greiða til félagsins árlegt félagsgjald að upphæð kr. 3.300. Þá hefur komið fram að engin fjárhagsleg tengsl eru á milli FÍB og þeirrar tryggingastarfsemi sem félagsmönnum þeirra stendur til boða. Af

félagsgjaldinu rennur því ekkert til FÍB trygginga og ekkert af iðgjaldi FÍB trygginga rennur til FÍB.

Í rökstuðningi lögmanns Sjóvár-Almennra fyrir því að hafa félagsgjaldið með í samanburðinum er m.a. vísað til reglna nr. 21/1995 um verðupplýsingar í auglýsingum sem Samkeppnisstofnun gaf út 13. janúar 1995. Reglurnar eiga að koma í veg fyrir að upplýsingar um verð í auglýsingum séu rangar, ófullnægjandi eða villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga og eru settar með heimild í 30. gr. laganna. Reglurnar kveða á um að þegar verðupplýsingar eru gefnar í auglýsingum til neytenda verði að gefa þær upp með ákveðnum hætti og þar segir í 1. gr.:

„Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda.“

Í fundargerð auglýsinganefndar frá 14. fundi hennar, þann 1. desember 1994, þar sem rætt var um drög að reglum um verðupplýsingar í auglýsingum segir um 1. gr.:

„...reglurnar þyrftu að vera þannig að verðið sem kæmi fram í auglýsingum yrði að vera endanlegt verð með öllum opinberum gjöldum, sbr. auglýsingar á ferðum sem hafa verið með ófullnægjandi verðupplýsingum...“

Reglurnar voru lagðar fram af formanni auglýsinganefndar til samþykktar í Samkeppnisráði og urðu að ákvörðun nr. 1/1995. Fyrsta grein regnanna hefur verið notuð til að tryggja að í uppgefnu verði til neytenda séu opinber gjöld, s.s. flugvallaskattur og virðisaukaskattur, alltaf innifalin.

Út frá þessum reglum hefur lögmaður Sjóvár-Almennra dregið þá ályktun að það sé í andstöðu við 21. gr. samkeppnislaga að bæta félagsgjaldinu ekki við iðgjaldið. Eins og fram hefur komið hafa reglurnar um verðupplýsingar í auglýsingum einkum verið notaðar til að tryggja að opinber gjöld, s.s. skattar, séu alltaf innifalin í uppgefnu verði til neytenda. Þjónustan sem verið er að kynna og bjóða í umræddu bréfi er bifreiðatrygging og endanlegt verð þeirrar þjónustu er iðgjald tryggingarinnar. Þeir sem eru félagar í FÍB greiða eingöngu iðgjaldið fyrir trygginguna en þeir sem gerast félagar til að njóta kjara FÍB trygginga öðlast ýmis fríðindi sem eru óháð iðgjaldinu. Félagsgjald FÍB er ekki hluti af iðgjaldi tryggingarinnar og því á 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum ekki við í þessu máli.

Þar sem félagsgjald FÍB er ekki hluti af iðgjaldi FÍB trygginga og engin fjárhagsleg tengsl eru á milli FÍB og FÍB trygginga er í skilningi 21. gr. samkeppnislaga verið að skírskota til óviðkomandi máls þegar félagsgjaldinu er bætt við iðgjaldið og það er ósanngjarnt gagnvart keppinautum. Í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir að samkvæmt 2. mgr. 21. gr. gildi 1. mgr. þegar upplýsingar séu óhæfilegar gagnvart keppinautum sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála. Það að bæta félagsgjaldi FÍB við iðgjald FÍB telst því einnig villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga. Hins vegar telst ekki villandi í skilningi 21. gr. samkeppnislaga að vekja athygli á því að FÍB trygging sé aðeins í boði fyrir félagsmenn FÍB með öðrum hætti en beinum samanburði.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur villandi og ósanngjarnt gagnvart keppinautum í skilningi 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að bæta félagsgjaldi FÍB við iðgjald FÍB trygginga þegar gerður er samanburður á iðgjöldum bifreiðatrygginga. Hins vegar má vekja athygli á að FÍB trygging er aðeins í boði fyrir félagsmenn FÍB.

Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisráð Sjóvá-Almennum tryggingum hf. að bæta félagsgjaldi FÍB við iðgjald FÍB trygginga í auglýsingum eða með öðrum hætti þar sem það er villandi og ósanngjarnt gagnvart keppinautum.“